



FUNDARGERÐ

9. fundur Húsakynna bs

haldinn Suðurlandsvegi 1-3, miðvikudaginn 22. maí 2024
og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Þórunn Dís Þórunnardóttir, Þröstur Sigurðsson, Helga Björg Helgadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Tómas Haukur Tómasson, embættismaður.

Dagskrá:

1. Þóristungur óskir frá Fishpartner. - Húsakynni bs - 2309009

Fishpartner óskar eftir að fá að setja upp stöðuhýsi fyrir veiðileiðsögumenn. Málið hefur verið lagt fyrir fjallskilanevnd Ásahrepps.

Farið yfir ósk Fishpartner varðandi stöðuhús í Þóristungum.

Húsakynni samþykkir fyrir sína hönd að Fishpartner geti sótt um stöðuleyfi til byggingafulltrúa UTU.

Samþykkt samhljóða.

2. Húsrýmisáætlun-Frumdrög - 2310065

Lagðar fram tillögur um þá vinnu sem til stendur að vinna í sumar í framhaldi af frumdrögum Arkís Arkitekta.

Lögð fram frumdrög Arkís arkitekta um framtíðar skipulag og notkun á húsnæði Laugaland. Eftir er að fara í nánari deilihönnun en út frá fyrirliggjandi gögnum er óhætt að fara í breytingar á bókasafni og skipta því í tvær kennslustofur, vinna að opnun á milli íbúðar og kennslurýma á efri hæð gamla skóla til að nýta það rými betur fyrir skólastarfsemi. Stjórn samþykkir að fara í þessar framkvæmdir og gera það með hógværum fjárútlátum.

Einnig er á einfaldan máta hægt að innrétta leikskólaláss í skrifstofu Ásahrepps samhliða því að koma góðri skrifstofuaðstöðu í hluta neðrihæðar skólastjórabústaðar. Þetta þarf að kostnaðargreina frekar ásamt því að skoða eigna og kostnaðarskiptingu milli Ásahrepps og Húsakynna. Stjórn leggur til að sveitarstjórar og forstöðumaður eigna og framkvæmdasviðs ásamt fjármálastjóra leggi fram tillögur um samkomulag og kostnað ásamt tímalínu.

Samþykkt.

3. Tjaldsvæði á Laugalandi - 2405045

Borið hefur á óskum að leigja íþróttahús á Laugalandi og fá tjaldaðstöðu með fyrir ættarmót eða minni fjölskyldusamkomur. Taka þarf afstöðu um það hvort eigi að

leigja út íþróttahús með heimild til tjöldunar norðan við bílastæði.

Óskir hafa komið fram með að fá íþróttahúsið leigt undir minni ættar- og fjölskyldumót með því að fá að leigja tjaldaðstöðu á flöt Húsakynna norðan við íþróttahúsið. Stjórn leggur til að þetta verði heimilað sem tilraunaverkefni að leigja út sal og tjaldvæði um helgar án þess að auglýsa.

Samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:15.


Þórunn Dís Þórunnardóttir


Þróstur Sigurðsson


Helga Björg Helgadóttir





